

Skaftárhreppur  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjklaustur

Reykjavík, 29. ágúst 2019

UST201908-153/A.B.

10.04.02

### **Efni: Breyting- Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 - Hæðargarður**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skaftárhrepps er barst 19. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022 fyrir Hæðargarð.

Í greinargerð kemur m.a. fram að skilgreindur er nýr reitur fyrir verslun og þjónustu, V-10, milli þjóðvegar 1 og frístundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi, en reiturninn liggar meðfram þjóðvegi 1 þar sem í dag er skilgreint óbyggt land. Norðurendi svæðis frístundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi er breytt í íbúðarsvæði ÍB-7. Íbúðarsvæði ÍB-6 er skipt upp í tvö svæði, ÍB-6 og ÍB-8. Opið svæði Ú-10 verður skilgreint á milli verslunar- og þjónustu V-10 og íbúðarsvæðis ÍB-7 og frístundabyggðar F-4.

#### **Sjálfbær þróun**

Umhverfisstofnun bendir á að í b. lið 1. gr skipulagsлага nr. 123/2010 segir að markmið þessara laga er að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í niðurstöðu umhverfismats segir að aðalskipulagsbreytingin muni hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf með nýjum og fjölbreyttum atvinnutækifærum.

Umhverfisstofnun bendir á að í 1.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er sjálfbær þróun skilgreind sem: „*Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunngæða jarðar.*“

#### **Umhverfispættir - Vistgerðir**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um í kafla 5, sem nefnist Umhverfisáhrif, hver séu áhrif tillögunnar á náttúru og dýralíf. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru

með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóuþræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillöggunni, fjallað sé um áhrif tillögurnar á náttúru, vistgerðirnar og búsvæði fuglanna og hvaða leiðir verði farnar til að tryggja vernd ofangreindra vistgerða og búsvæða.

### Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagstillagan á mikilvægu fuglasvæði sem nefnist Landbrot – Meðalland (<https://www.ni.is/node/16181>).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um hver áhrif tillögurnar eru á fuglasvæðið og hvaða leiðir verði farnar til að tryggja vernd ofangreindar búsvæða.

### Útvist

Svæðið sem hér um ræðir er innan þéttbýlis samkvæmt aðalskipulagi Skaftárhrepps. Stofnunin bendir samt sem áður á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „*Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir meðfram Skeiðará, svo að útvistargildi skerðist ekki.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur